



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 10. desember 2024
2408980/003.08 JVK

Efni: stafrænt samstarf sveitarfélaga - breytt þátttaka

Kópavogsbær hefur frá upphafi tekið með beinum hætti þátt í rekstri stafræns teymis Sambands Íslenskra sveitarfélaga og stafrænna verkefna á þeirra vegum. Stafrænt ráð taldi rétt að skipta kostnaðinum að mestu eftir fjölda íbúa. Reykjavíkurborg greiðir ekki fyrir þetta samstarf en leyfir öðrum sveitarfélögum í staðinn að njóta þeirra lausna sem Reykjavíkurborg hefur þróað.

Áætlaður hlutur Kópavogsbæjar síðustu 3 árin.

Ár	Stafræna teymið	Verkefni	Alls
2022	7.307.520	17.909.335	25.216.854
2023	4.665.515	16.704.833	22.224.430
2024	4.621.296	4.257.737	9.111.632
	16.594.331	38.871.905	56.552.916

Kópavogsbær mun frá og með janúar 2025 ekki taka þátt í að fjármagna starf stafræns teymis Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Þessi ákvörðun var tekin með samþykkt fjárhagsáætlunar bæjarins fyrir árið 2025, en ekki er gert ráð fyrir fjármagni til verkefnisins.

Kópavogsbær mun þó áfram bjóða fram krafta sína til þátttöku í stafrænu samstarfi sveitarfélaga, en hér eftir á sömu forsendum og Reykjavíkurborg, þ.e.a.s. í stað beinnar fjárhagslegrar þátttöku til samstarfsins, þá býðst Kópavogsbær til að deila lausnum og vinnu sem unnin er hjá Kópavogsbæ með öðrum sveitarfélögum eftir fremsta megni.

Kópavogsbær býðst einnig til að fjármagna einstök verkefni / sameiginlegar lausnir og taka þátt í rekstrarkostnaði slíkra verkefna að undangenginni greiningu og samningi þar um. Þannig mun Kópavogsbær áfram taka þátt í að fjármagna sameiginlega lausn fyrir „umsóknarferli félagslegrar fjárhagsaðstoðar“ á sömu forsendum og með sömu kostnaðarskiptingu og áður hefur verið skilgreind, þ.e.a.s. 30% af kostnaði sé skipt jafn upp á milli þátttakenda og 70% af kostnaði skipt upp eftir fjölda íbúa.

Kópavogsbær telur rétt að undirbúa hvert sameiginlegt verkefni vel og í slíkum undirbúningi ætti skilgreina þær afurðir sem slík verkefni eiga að skila af sér. Sérstakan samning ætti að gera um hvert verkefni með tryggri þátttöku tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Í slíkum samningi ætti ábyrgð þátttakenda og vinnuframlag að koma skýrt fram, ásamt verkefnaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir verkefnið.



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogsbær telur auk þess rétt að sameiginleg verkefni ætti að vinna í nánú samstarfi við Stafrænt Ísland og slíkar lausnir ætti Stafrænt Ísland að hýsa og reka eins og aðrar stafrænar lausnir opinberra aðila á Íslandi.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

Ásdís Kristjánsdóttir
bæjarstjóri

